

2138. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 12. desember 2013 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

---

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslason, Ragnhildur Skúladóttir, Rúnar Arnarson, Vignir M. Þormóðsson, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Torfason, Þórarinn Gunnarsson, Tómas Þóroddsson landshlutafulltrúi Suðurlands, Jakob Skúlason landshlutafulltrúi Vesturlands, Björn Friðþjófsson landshlutafulltrúi Norðurlands og Valdemar Einarsson landshlutafulltrúi Austurlands.  
Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Lúðvík S Georgsson og Róbert Agnarsson.

Þetta var gjört:

---

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt

#### 2. Mótamál

- Íslandsmót innanhúss – futsal. Íslandsmótið innanhúss er hafið í meistaraflokkum, 21 lið er skráð til leiks hjá körlum sem er fjölgun um 9 lið frá árinu 2012 og 8 lið eru skráð hjá konum sem er sami fjöldi og árið áður. Úrslitakeppni meistaraflokka fer fram 11. – 12. janúar nk.

#### 3. Rekstur 2013 og fjárhagsáætlun 2014

Framkvæmdastjóri greindi frá drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, verkefnum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Jafnframt greindi framkvæmdastjóri frá rekstrarstöðunni eins og hún lítur út nú en gera má ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu sem skýrist fyrst og fremst af auknum landsliðsverkefnum á árinu.

#### 4. Leyfismál

- Stefnuyfirlýsing. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi stefnuyfirlýsingu um leyfiskerfi KSÍ.

#### 5. Formanna – og framkvæmdastjórafundur

Formaður greindi frá formanna – og framkvæmdastjórafundi sem haldinn var í húsakynnum KSÍ laugardaginn 30. nóvember sl. Fundurinn var mjög vel sóttur og góð samstaða var um helstu málefni sem þar voru rædd

#### 6. Leikmannavalið 2013

Atkvæðaseðlar vegna Leikmannavals 2013 hafa verið sendir út og verður niðurstaða kunngjörð um miðjan desember.

#### 7. Reglugerðir – tillögur um breytingar

Fyrir liggja nokkrar tillögur að breytingum á reglugerðum KSÍ. Stjórn samþykkir að vísa tillögunum til umfjöllunar í laga- og leikreglanefnd og taka fyrir á næsta fundi stjórnar.

#### 8. Ársþing 2014

- Framboð til stjórnar. Framboðsfrestur til stjórnar er til 1. febrúar nk.
- Tillögur og önnur mál. Frestur til að skila inn tillögum til ársþings er 15. janúar nk.

#### 9. A landslið karla

- Umspilsleikir. Liðið gerði 0-0 jafntefli í fyrri leik við Króatíu sem fram fór á Laugardalsvelli 15. nóvember sl. en tapaði úti 0-2 og komst því ekki í lokakeppnina.
- Ráðning þjálfara. Lars Lagerback og Heimir Hallgrímsson hafa verið ráðnir sem landsliðsþjálfarar A landsliðs karla. Lars er með samning út árið 2015 en Heimir er með ráðningu út árið 2017.

- Saga landsliða. Formaður greindi frá því að unnið hefur verið að ritun sögu landsliðs karla og gert er ráð fyrir að gengið verði frá samningum um útgáfu sögunnar á næsta ári.

#### 10.A landslið kvenna

- Algarve Cup. Mótið fer fram 5. – 12. mars nk. og leikur Ísland í riðli með Þýskalandi, Noregi og Kína.

#### 11. Yngri landslið

- Verkefni ársins 2014. Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir fyrirhuguð verkefni yngri landsliða á árinu m.t.t. gerðar fjárhagsáætlunar.

#### 12. Önnur mál

- Yfirlýsing um samstarf KSÍ og ÍTF. Yfirlýsing um samstarf milli Knattspyrnusambands Íslands og Íslensks toppfótbolta var undirrituð í höfuðstöðvum KSÍ 25. nóvember. Það voru þeir Geir Þorsteinsson formaður KSÍ og Almar Guðmundsson formaður ÍTF sem undirrituðu yfirlýsinguna. Með þessu er samstarf KSÍ og ÍTF staðfest með formlegum hætti og gildir yfirlýsingin fyrir árin 2014 og 2015.
- Starf fræðslustjóra og starf í fræðsludeild. Framkvæmdastjóri greindi frá að gengið hafi verið frá ráðningu Arnars Bill Gunnarssonar í starf fræðslustjóra og mun hann hefja störf 1. janúar nk. Jafnframt greindi framkvæmdastjóri frá því að fyrirhugað væri að ráða í starf í fræðsludeild þar sem áhersla væri á hæfileikamótun.
- Bréf frá Miði.is. Fyrir liggur bréf frá Miði.is þar sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins fer yfir miðasölu á leik Íslands og Króatíu. Fram kemur að betur hefði mátt standa að málum af hálfu Miði.is þegar yfirlýsing var gefin út í kjölfar umfjöllunar um miðasöluna. Jafnframt kemur fram að ekki sé deilt um að samráð var á milli KSÍ og Miði.is um að ekki yrði auglýst hvenær miðasala myndi hefjast svo forðast mætti óþarfa álag á kerfið. Það er mat Miði.is að framkvæmdastjóri og starfsmenn KSÍ hafi komið fram af heiðarleika í einu og öllu og biðst Miði.is velvirðingar á þátt fyrirtækisins í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30